

Stað 24/1 1967

Skógarvörðurinn á Vöglum,

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1966.

Ísleifur Sumarliðaspn.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1966.

I. Inngangur.

1. Veðurfar.

Í janúar ríkti að mestu suðlæg eða vestlæg átt 1.- 23., en þá snerist til norðanáttar. Yfirleitt var talsverður snjór, 10- 80 cm. Miklar frosthörkur voru 18.- 26. janúar.

Stórhrið og ofsaveður geysaði dagana 28.- 31. jan. Skemmdir urðu þó ekki hér í sveitinni. Í Grýtubakkahreppi urðu talsverðar skemmdir og f auk þak af hlöðum og hluti af fjárhússbaki á Grýtubakka og í Fagrabæ f auk áhalds- og vélageymsla (braggi.).

Hámark hita mældist 7.2 stig 6. janúar, en lágmark við jörð -25.5 stig og -23.1 stig, 25. janúar.

Í febrúar var nokkuð breytileg átt, en þó ríkti einkum n.-austlæg átt. Miklar frosthörkur voru og snjóþyngsli. Snjódypt 80- 110 cm.

Hámark hita mældist 2.4 stig 14. febrúar, en lágmark v/ jörð -25.5 stig og í mælaskýli -22.1 stig, 12. s. m.

Í marz var breytileg átt en aðallega ríkti þó austlæg átt og einkum þá n.-austlæg 1.- 11. Vatnslaust var hér allan mánuðinn og var svo víðar hér í sveitinni. Snjóþyngsli og frost mikil. Snjódypt 96 - 140 cm.

Hámark hita mældist 6.7 stig 18m marz, lágmark v/ jörð -22.8 stig og -20.0 stig í mælaskýli þann 25. marz.

Í apríl ríkti að mestu suðlæg átt. Snjór var mikill allan mánuðinn, 60- 115 cm og fór snjórinn ekkert að síga fyrr í lok mánaðarins.

Vatnslaust var hér þar til 27. apríl. Haglaust var að heita mátti allan mánuðinn hér í dalnum.

Hámark hita mældist 8.0 stig 26. apríl. Lágmark v/ jörð -21.5 stig og í mælaskýli - 17.4 stig, mældist 2. apríl.

Í maí var nokkuð breytileg átt, en þó ríkti einkum suðlæg átt. Snjódypt var 5.- 60 cm. Þann 22. maí var snjólaust við mælaskýli og 31. s. m. var talið snjólaust. Þann 29. maí var brum á birki farið að þrútna og í lok mánaðarins sá á því mikinn mun. Eins og sjá má af þessu tók snjó mjög hægt.

Hámark hita mældist 29. maí, 13.7 stig. Lágmark við jörð mældist -15.1 stig og í mælaskýli -13.1 stig, þann 9. maí.

Í júní ríkti suðlæg átt fyrri hluta mánaðarins, en síðan norðlæg átt, hlýtt og gott tíðarfar.

Skógurinn byrjaði að litkast 7. júní, en taldist allaugfaður 11. s. m.

Frost mældist 5 sinnum á lágmarksæli v/ jörð, mest 5. júní -4.0 stig, en í mælaskýli aðeins sama dag, -0.5 stig.

Hámark hita mældist 12. júní 21.7 stig.

Í júlí ríkti norðlæg átt að fáum dögum undanteknum. Yfirleitt var hlýtt fram til 22. júlí, en þá kólnaði og brá til rigninga. Geysileg úrkoma og aftakaveður var hér 24. júlí. Mældist úrkoman 64.5 mm. á einum sólarhring og mun slíkt með eindæmum hér um slóðir. Á óveðrinu snjóaði í fjölli og var grátt niður í miðjar hlíðar og munu þess dæmi að þann snjó tók ekki á fjöllum uppi. Tré brotnuðu, að vísu ekki mörg, og laug og reklar slitnuðu af trjám. Var líkast lauffalli að hausti, að sjá hauga af laufi meðfram vegum og útjöðrum.

Skriða hljóp í Nesána og olli nokkrum skemmdum. Miklar skemmdir urðu á kartöflugrösum á Svalbarðsströnd og í Grýtu-bakkahreppi og á það sinn mikla þátt í því að uppskera garð-ávaxta var sáralítið.

Heyskapur hófst hér 12. júlí og er það óvenju seint, almennt var farið að slá um miðjan mánuðinn.

Tvisvar mældist frost á lágmm. v/ jörð mest -0.4 stig 28. júlí og í mælaskýli 1.1 stig. Hámark hita mældist 22.3 stig 17. júlí.

Í ágúst ríkti norðlæg átt og var kalt og úrkomusamt, þema dagana 23.-28., þá var hlýtt og suðlæg átt. Næturfrost mældust 8 sinnum á lágmm. v/ jörð, mest -4.1 stig 12. ágúst og í mælaskýli 4 sinnum, mest -2.4 stig 12. ágúst. Hámark hita mældist 18.4 stig 27. s. m. Skógurinn fór að sölna 25. ágúst.

Í september var norðlæg átt fram til 12., en þá snerist til suðl. áttar og hélzt svo til 26. að brá til norðl. áttar.

Næturfrost voru tíð og mældist 11 sinnum frost á lágmm. v/ jörð, mest 7.3 stig 10. sept og 6.0 stig í mælaskýli. Í mælaskýli mældist 7 sinnum frost í mánuðinum. Hámark hita mældist 18. og 23. sept. 15.1 stig.

Í október var breytileg átt og mjög kalt, enda snjór á jörðu mestan hluta mánaðarins. Þann 3. október mældist 25 cm. snjólag, sem ekki tók upp í mánuðinum og var 4 cm. snjólag á lok mánaðarins. Mesta frost á lágmm. v/ jörð mældist 6. okt. -15.7 stig og í mælaskýli -13.2 stig. Hámark hita mældist 10.0 stig 30. s. m.

Í nóvember var breytileg átt og afar umhleyppingasamt. Snjór var á jörðu að undanskildum 6 dögum, mest 37 cm. síðasta dag mánaðarins. Mesta frost á lágmm. v/ jörð mældist 29. nóv. -18.4 stig en í mælaskýli 7.5 stig. Hámark hita mældist 11.0 stig 18. s. m.

Í desember var aðall. vestr. eða norðvestl. átt 1.-18. síðan sinkum austl. eða n.-austlæg átt. Snjódypt 25.-85 cm., mest síðasta dag mánaðarins. Mesta frost var 25. des. -22.5 stig á lágmm. v/ jörð en -18.7 stig í mælaskýli. Hámark hita 6.3 stig 4. desember.

Hita- og úrkommalningar á Vöglum árið 1966.

	<u>Meðalhiti C°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	- 5.6 (- 3.8)	126.5 (106.5)
Febrúar	- 7.4 (1.4)	77.9 (32.0)
Mars	- 4.8 (- 6.6)	93.6 (27.8)
Apríl	- 0.2 (0.7)	39.4 (28.3)
Mái	3.0 (4.7)	19.0 (15.0)
Júní	10.1 (8.5)	23.6 (41.6)
Júlí	9.3 (10.1)	109.6 (19.4)
Agúst	8.2 (8.9)	36.3 (21.9)
September	5.4 (3.6)	20.1 (40.0)
Október	-0.6 (4.9)	48.2 (23.8)
Nóvember	-2.4 (-4.0)	107.3 (69.4)
Desember	-5.0 (-7.1)	113.9 (43.0)
Árið	0.8 (1.8)	815.4 (540.2)

Tölurnar í svigum, hiti og úrkoma árið 1965.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Brum á birki fór að þrútna 29. maí og 7. júní var skógurinn farinn að litkast og taldistk allaufgaður 11. s. m.

Um 25. ágúst fór skógurinn að sölna. Lauffall byrjaði 15. september, en varð þó aðallega dagana 18. og 23. s. m. Lauffláps var skógurinn 26. s. m.

Vöxtur á barrplöntum var með lang bezta móti, enda var úrkoma og raki með meira móti, auk þess sem júní var hlýr.

Fræ á birki var mjög mikið. Var safnað talsverðu af fræi, sem því miður virðist illa þroskað.

II STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinnustundir eru ekki taldar með.

Kaupgreiðslur og vinnustundir í Ásbyrgi eru taldar hér með.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum árið 1966.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv. kr.</u>
Janúar	3	424	21.231.60	
Febrúar	4	484	24.088.30	
Marz	4	600	29.056.29	
Apríl	3	447	24.802.23	
Mai	11	1076	55,433.40	
Júní	31	3708	168.338.94	22.754.00
Júlí	20	3141	159.666.22	
Agúst	23	2538	128.279.20	12.029.00
September	18.	1727	89.385.70	3.150.00
Október	11	1233	67.683.16	
Nóvember	6	789	48.484.49	
Desember	6	752	48.109.70	
		16919	864.558.66	37.933.00
		<u>Alls kr.</u>	<u>902.491.66</u>	

Starfsfólki úr Hálshreppi voru greiddar kr. 554.734.80. Unnið var við skógarvarðarþustaðinn fyrir um kr. 223.000.- af heildarupphæðinni, af starfsmönnum Skógræktar ríkisins.

Vilmundur Andrésen annaðist verkstjórn í gróðrarstöðinni, að mestu með sömu verkaskiptingu við skógarvörð og áður. Að loknu sumarleyfi í ágúst lok, starfaði Vilmundur þó úrtakalítið við bygginguna.

Starfsmenn voru margir þeir sömu og áður. Jónas Þórðarson og fjölskylda hans, sem búið höfðu á Þórðarstöðum síðan 1949, fluttust á brott í júní. Þangað flutti Kristján Einarsson ásamt fjölskyldu, frá Fremraseli í Hróarstungum.

Atvik, sem síðar verður skýrt frá, urðu þess valdandi að konan mín og ég, ásamt börnum okkar, fluttumst í verkafólksbústaðinn 22. maí.

Það kom því í hlut konu minnar að annast matseld fyrir allt starfsfólkið, sem bjó hér ásamt okkur.

Óhætt er að fullyrða að allir hjálpuðust að til þess að sambúðin yrði ánægjuleg, enda tókst það með ágætum, þrátt fyrir þrengsli og annríki, og á konan mín ekki hvað minstan þátt í því.

III. Girðingafrankvæmdir.

1. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, eftirlit og smölun varð sem hér segir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirlit & smölun</u>
Vaglagirðing..... kr.	14.615.40	5.410.00	
Þórðarst.girðing. -	20.446.52	8.600.00	2.459.36
Sigríðarst.girð.. -	4.798.89		1.180.74
Mela & Stórh.girð. -	10.268.22	1.530.00	1.212.00
Sandhaugagirðing. -	6.541.78	4.895.00	3.500.00
Fellsskógargirð.. -	612.52		
Ásbyrgði..... -	673.00		
Alls..... Kr.	<u>57.956.33</u>	<u>20.435.00</u>	<u>8.352.10</u>

Viðhaldskostnaður girðinga varð nú meiri en nokkru sinni áður, enda voru snjóalög mikil frá 20. janúar og langt fram á vor og sumar.

Í Vaglagirðingu var bætt auk staura, 3 rl. gaddavír og 3 rl. vírnet, í Þórðarstaðagirðingu 60 járnstaurar, 2 rl. gaddavír, Sigríðarstaðagirðing 5 járnstaurar, 2 rl. vírnet og 1 rl. gaddavír, Melagirðing 1 rl. gaddavír og Sandhaugagirðing 1 rl. gaddavír.

Vaglagirðingin var stauruð samilega vel upp og bætt í hana nýju vírneti að sunnan.

Girðingarhólf hjá Þórðarstöðum voru afar illa farin og sá ég ekki annars úrkosta en leggja til staura og greiða vinnu við girðingu frá suðurhorni túns, suður að skógargirðingunni við Belgsártún. Óhætt er að segja að girðingarhólf þar hafi verið að mestu ónýtt, enda ekki haldið við síðustu 3 árin, að gagni. Kostnaður varð um kr. 6.500.00, auk staura.

Um aðrar meiri háttar endurnýjanir var ekki að ræða.

Hinn mikli viðhaldskostnaður varð fyrst og fremst vegna mikilla snjóalaga, svo sem áður er skýrt frá.

IV. Skógarhögg.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1966 sýnir að beinar tekjur urðu kr. 146.433.00, eða um 42 þúsund krónum minna en á sl. ári. Staurar og viður til eigin nota er reiknað kr. 45.435.00. Minkandi sölu tel ég fyrst og fremst stafa af stóru auknum innflutningi á staurum og auknu framboði á rekavið. Reykviðarsala minkaði enn suður.

Birgðir jukust að verðmæti um kr. 8.000.00,- eldiviðarbirgðir minkuðu, en staurabirgðir ukust talsvert.

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 71.518.00, en liðurinn sala skógarafurða varð kr. 147.337.16, þar innifalið er birking, sögun flutningar o.fl.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1966.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u>
Sala 1966	160	1563	1335	59.48	-	146.433.-
B. R. Vöglum	460	475	220	25.00	-	45.435.-
Birgðir, Vöglum	2575	4300	8100	10.00	6.50	233.000.-
" Þórðarst.	_____	<u>600</u>	<u>700</u>	<u>15.00</u>	<u>-</u>	<u>18.300.-</u>
Alls	3100	6938	9355	104.48	6.50	443,168.-
Birgðir 1965	<u>3100</u>	<u>5700</u>	<u>4800</u>	<u>50.00</u>	<u>6.50</u>	<u>243.050.-</u>
Högg 1966	-----	1238	4555	54.48	-----	200.118.-
Tonn	-----	4.95	28.24	54.48	-----	87.67

Í sambandi við birgðir staura, má geta þess að af 5 feta staurum eru áætlaðir 600 fúav., 1700 birktir og 2000 óbirkir. Af 6 feta staurum eru 1300 fúav., 3800 birktir og 2000 óbirkir.

Í Vaglaskógi var ekkert unnið að skógarhöggi, nema birkingu staura fyrr en í júlí og lítilsháttar í ágúst. Var unnið að því að saga burt og höggva, það sem brotnaði undan snjó á liðnum vetri í reitum nr. 101, 104, 105 og 106. Var feiknarlega mikið brotið á þessu svæði sem er 4-5 ha. Var mikið verk að hreinsa viðinn burtu. Dálítið var einnig grisjað ofan reita nr. 213 og 312.

Í Þórðarstaðaskógi var að mestu unnið við að grisja ofan af gróðursetningum fyrri ára.

Í Ásbyrgi var haldið áfram að grisja skóginn innst í Byrginu, þar sem mest er umferð, einnig var grisjað fyrir gróðursetningu vestan Eyjunnar.

Um fúavörtnina er það helzt að segja að efnið "Baselit" kom ekki fyrir en í ágúst og þar sem verkstjórinn var þá í sínu sumarleyfi og allir aðrir bundnir við gróðursetningu, húsbýggingu og önnur óhjákvamileg störf, varð því ekki við komið að fúaverja neitt af staurum á þessu ári.

Ekki verður hjá því komist að lagfara geymslu í Brúarlundi til þess að geta fúavarið og geymt alla staura inni og verður að stefna að því að koma því verki í framkvæmd í vetur.

V. Gróðrarstöð.

1. Fræplöntur.

Sáning hófst 15. júní og lauk sandægurs. Sáð var 8.00 kg. af fræi í 450 m² og er það 210 m² minna flatarmál sáningar en á sl. ári.

Nokkru af grenifræinu var nú raðsáð. Mér finnst dreifsáning á því hafa gefið lakari árangur, en raðsáning, en vafalaust fer það nokkuð eftir árferði.

Yfirleitt tókst sáningin nokkuð vel, nema blágreni nr. 283 og rauðgreni nr. 602. Getur sandurinn sem þakið var með átt nokkurn þátt í því, en hann var og fingerður og leirbáandinn.

Miklu færri plöntur komu til dreifsetningar en áætlað var. Munar þar mest um stafafuru, 40 þúsund plöntum færra en áætlað, og rauðgreni, Stjörðal, en af því voru látnar bíða um 60 þúsund plöntur, vegna þess að fyrirsjáanlegt var að mjög mikið mundi ganga úr því.

2. Dreifplöntur.

Dreifsetning hófst 7. júní og lauk 21. s. m. Dreifsettar voru 179.490 plöntur, þar af í ákveðisvinnu 168.800 plöntur.

Fjórar stúlkur og einn piltur unnu að dreifsetningunni, sem gekk fljótt og vel.

Dreifsetninginni tókst vel. Voru plönturnar teknar upp og settar inn í plöntugeymslu. Voru þar svo teknar út aftur eftir hendinni og þess gætt að þær færu út í kössum en ekki í plastpokum.

Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annara gróðrarstöðva voru 10.000 hvítgreni, 16.460 bergfura, 9.700 stafafura og 3000 lerki, alls 39.160 plöntur.

3. Upteka og afhending plántna.

Afhentar voru 97.595 plöntur, um 17 þúsund plöntum færra en áætlað. Stafaði það fyrst og fremst af minni gróðursetningu Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, en áætlað.

Héðan frá stöðinni hafa ekki verið afgreiddar, svo fáar plöntur síðan 1950. Ástæðan sú að mikið stóð yfir af plöntum vegna óhagstaðrar veðráttu sl. tvö sumur.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1967.

			<u>Vor.</u>	<u>Síðs.</u>
Rauðgreni.....	3/4	Gr. Hattfj.dal.	7.500	
"	3/4	RKED.....	12.000	
"	3/3	Namskogan.....	20.000	26.000
"	3/3	RKED.....	25.000	10.000
"	3/3	Vefsen Grane..	25.000	25.000
Blágreni	3/4	Sapinero.....	15.000	
"	3/3	Sapinero.....	6.000	
Hvítgreni.....	3/4	Seward.....	16.500	
Bergfura.....	2/3	Ginébra.....	700	
"	3/2	"	4.500	
Stafafura.....	3/2	Barkerv. Rd...	20.000	
"	3/2	Wansa Lake....	700	
Birki	2/2	Þejarst.....	6.000	
"	4/0	Vaglir.....	400	
"	3/0	Þejarstaður...	20.000	
"	2/0	Rognan.....	1.000	
		<u>Alls</u>	<u>180.300</u>	<u>61.000</u>

4. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

148 kg. kjarni
 459 - kalksaltp. 15.5%
 296 - kalí
 228 - þrífosfat

Ekið var 25 tonnum af húsdýraáburði í reitina, þar af 16 tonnum í haust.

5. Ýmislegt varandi gróðrarstöðina.

Eins og áður var notað Símazín og White spirit til úðunar gegn illgresi. Var reynt að nota hið síðarnefnda á sem hagkvæmustum tíma til úðunar á sáningarnar. Samt fór svo að hreinsun fræplantna hækkaði um tæpar 7 þúsund krónur.

Hreinsun dreifplantna hækkaði um tæpar 2 þúsund krónur, hækkan varð talsverð á kaupgjaldi, svo að raunveruleg hækkan er smávægileg.

Mest af söluplöntunum var sett í plastpoka eins og áður, en þeir eru að verða til þurrðar gengnir, enda skila fæstir þeim aftur sem fá plöntur sendar lengra til. Vöru þeir nú reiknaðir kaupendum plantnanna.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1966.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Fræplöntur..... kr...		54.923.70
Hreinsun fræplantna...		33.848.42
Dreifplöntur.....		62.338.86
Hreinsun dreifplantna...		28.895.56
Skjólbelti.....		1.226.28
Ráðskona & verkstjóri..		100.117.41
Ýmsar frækvæmdir.....		19.308.56
Kostn. v/ verkafólks...		6.182.08
Afh. skógarplantna.....		10.342.03
		<u>315.182.90</u>
Plöntusala.....	245.214.00	<u>44.724.53</u>

Alls kr. 245.214. 259.907.43

Áætlun gróðrarstöðvarinnar hljóðaði upp á 385 þúsund (plöntusala þar ekki meðtalin). Þá áætlun tókst að halda þrátt fyrir kauphækkunir. Hinsvegar var dreifsetning og afhending plantna með minsta móti.

Nokkrar frostskenmdir urðu í fyrstu haustfrostum á 2/o og 3/o plöntum af greni.

Nokkuð hefur verið um það rætt að draga úr rekstri gróðrarstöðvarinnar hér, eða jafnvelleggja hana niður.

Ekki veri mér það sársaukalaust, ef til þess kæmi, en hinsvegar fullljóst að þar mega ekki persónulegar tilfinningar ráða.

Með tilliti til þess hve mikið er búið að fjárfesta hér og vegna þess hve stofnkostnaður nýrrar gróðrarstöðvar, t. d. í Kjarnalandi, yrði mikill, teldi ég það mjög hæpið að draga úr rekstri gróðrarstöðvarinnar hér. Jafnframt tel ég mikla möguleika að beta úr þeim ágöllum sem hér eru á stöðinni í sambandi við hin tíðu naturfrost.

Mætti í því sambandi benda á hvort ekki veri rétt að koma upp frostvarnarkerfi til reynslu a. m. k. kosti og auka notkun plasts til yfirbreiðslu.

Stöðin hefur þá megin kosti að hér er gott skjól og yfirleitt stöðug veðratta, eftir því sem gerist á landi voru. Venjalega er nægur snjór, svo að ekki þarf að kosta miklu til vetrarumbúnaðar. Yfirleitt vorar hér seint svo aðrir landshlutar geta oftast tekið á nótum plöntum þegar hægt er að afgreiða héðan.

VI. Gróðursetning.

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Valgaksógur	Rauðgreni	3/5	Hattfjd.		4.500
"	Hvítgreni	3/4	Seward		1.870
"	Broddfura	2/3	Hallormsst.		600
					<u>6.970</u>
Þórðarst. sk.	Rauðgreni	3/4	Hattfj.d.		2.500
"	Hvítgreni	3/4	Seward		4.700
					<u>7.200</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	3/4	Hattfjd.		1.500
"	Hvítgreni	3/4	Seward		5.500
					<u>7.000</u>
Sigríðarstsk.	Hvítgreni	3/4	Seward		4.000
Ásbyrgi	Hvítgreni	3/4	Seward		4.000
					<u>4.000</u>

Samtals 29.170

Gróðursett var í Vaglaskógi 22.-24. júní og síðar 3.-5. ágúst. Gróðursetningarkostn. varð kr. 1.00 pr. pl.

Í Þórðarstaðaskógi var gróðursett 2.- 9. ágúst og var haldið áfram suður, þaðan sem endað var 1965. Gróðursetningarkostnaður varð kr. 1.09 pr. pl.

Í Fellsskógi var gróðursett 22.- 24. júní og aftur 29. ágúst- 5. september. Gróðursetningarkostnaður varð kr. 1.17 pr. pl.

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett 24.- 28. ágúst og reyndist kostnaður kr. 0.90 pr. pl.

Í Ásbyrgi var gróðursett vestan Eyjunnar 5. og 23. ágúst og reyndist kostnaður kr. 1.13 pr. pl.

Grisjunarkostnaður var mjög misjafn, eftir aðstaðum. Sumsstaðar var búið að grisja árið áður, svo erfitt er að finna réttar tölur til viðmiðunar. Heildarkostnaður varð kr. 16.419.02

Gróðursett var tæplega 1/3 færri plöntur en áætlað. Ástaður voru fyrst og fremst þar, að óvanir menn voru að störfum að mestu t. d. í Þórðarstaðaskógi.

Í Fellsskógi var borið á 4 sk. ammoníumnitrat frá reitamörkun nr. 3 og suður. Í Vaglaskógi var borið á 2 sk. ureaform og 3 sk. ammoníumnitrat á rauðgreni í reitum nr. 320 og 321, ennfremur 2 sk. kjarna á hluta reits nr. 312. Í Þórðarstaðaskógi var borið á rauðgreni 5 sk. kjarni í áframhaldi suður þar sem hett var 1965. Í Sigríðarstaðaskógi var borið á 2 sk. Noregs-saltpétur, á rauðgreni þar.

Gróðursetning á jörðum einstaklinga.

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Laugaból	Hvítgreni	3/3	Seward	2.000
Stafn	"	3/3	"	2.000
"	Rauðgreni	3/4	Hattfjd.	1.000
Ytra-Fjall	Hvítgreni	"	Seward	1.000
Fellsskógur	"	3/3	Seward	3.000
Selland	"	"	"	<u>3.820</u>
			<u>Samtals</u>	<u>12.820</u>

Gróðursetning Skógræktarfélagss. -Þing. í Fossselssk. og víðar.

Í Fossselsskógi var unnið að gróðursetningu og grisjun 27. júní- 1. júlí og 8. - 12. ágúst.

Gróðursettar voru 21.150 plöntur, grisjaðir um 6 ha., þarf af um 3 ha. vegna gróðursetningar, hitt ofan af elæri gróðursetningum.

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fóssellsskógur	Sítikagreni	2/2	Honer	500
"	Rauðgreni	3/4	Hattfjd.	400
"	Hvítgreni	2/4-3/4	Seward	8.600
"	Bergfura	3/0	Possv.	4.450
"	Stafafura	2/3	Bonnet	2.525
"	Lerki	2/2	Halvola	975
"	"	2/2	Arkangelst	3.700
				<u>21.150</u>
Staðn	Lerki	2/2	Arkangelst	1.000
Fellsskógur	Rauðgreni	3/4	Hattfjd.	3.000
Halldórsst.	Hvítgreni	3/4	Seward	1.000
				<u>1.000</u>
			<u>Samtals</u>	<u>26.150</u>

Kostnaður skiptist þannig: Plöntukap 27.023.50, gróðursetning 19.007.17, grísjun 12.629.50, hirðing, áburður, 1.306.42, girðing 1.669.96, matreiðsla 3.071.10, akstur 2.368.00, v. íslagt 505.00, alls kr. 68.081.45

VII. Nýir vegir og viðhald vega.

Engir nýir vegir voru lagðir að þessu sinni, en stækkuð þrjú bifreiðastaði í Vaglaskógi og lagfarður vegur niður í Hróastaðanes. Kostnaður við þessar framkvæmdir o. fl. urðu kr. 3.520.00

VIII. Nýbyggingar og viðhald húsa.

1. Nýbyggingar.

Hafist var handa um endurbyggingu skógarvarðarbústaðarins um miðjan júlí.

Slippstöðin h/f á Akureyri tók að sér að gera húsið fokhelt, var það eina fyrirtækið á Akureyri, sem gat tekið verkið að sér með svo stuttum fyrirvara.

Var um það samið að húsinu yrði skilað fokheltu um mánaðamótin sept.- okt., þó ekki fengist það skriflegt. Það tókst ekki þrátt fyrir það að starfsmenn Skógræktarinnar störfuðu mikið við bygginguna.

Var húsið fokhelt 21. október.

Erjóta þurfti niður hluta af plötu yfir kjallara og skipta um einangrun að nokkru leiti.

Húsið er steinsteypt, þak með bárujárni og pappa á súð. Burðarskilrúm steypt.

Skipulag hússins er lítið breytt frá því sem var. Þó eru litlar svalir í norð-austurhorni hússins, borðstofa færð fram um 60 cm og skipan glugga breytt í setustofu. Gluggar í kjallara voru stækkaðir að sunnan.

Um áramót var búið að einangra húsið, hlaða skilrúm í eldhúsi, baðherbergi og borðstofu.

Allri múrhúðun lokið, nema fínþússningu, bæði á hæðinni og í kjallara, ennfremur að leggja í og fínþússa gólf á hæðinni.

Einangrun í veggjum er 2 1/2 " plast, nema í kjallara 2" plast. Loft eru einangruð með 4" glerull.

Lokið er við að setja upp skilrúm milli herbergja, að mestu, þau sem eru úr támbri.

Þvajað er þilja loft. Eru til þess notaðar 12 mm hörplötur en á veggj spónaplötur jafnþykkar, nema í stofu, borðstofu og skrifstofu, sem gert er ráð fyrir að klæða með panil svo sem áður var.

Eftir að húsið varð fokhelt unnu við bygginguna starfsmenn skógræktarinnar og þeir Skúli Sigurðsson og Þórólfur Guðnason með þeim við múrverk.

Viðskipti mín við Slippstöðina h/f urðu á þann veg að ég hef hugsað mér að láta faglarða iðnaðarmenn ekki koma hér meir en nauðsynlegt og láta ekki vinna á verkstæði nema hurðir, skápa og eldhúsinnréttingu.

Raflögn lagði Haraldur Guðmundsson, rafv.m. frá Dalvík og miðstöðvarlögn þeir Sveinn Sveinbjörnsson og Sveinbjörn Sveinsson, Akureyri.

Skúli Norðdahl, arkitekt, teiknaði húsið með þeim breytingum sem gerðar voru og verkfræðistoga Sigurðar Thoroddsen vann járna- og miðstöðvar teikningar.

Kæstnaður sundurliðast þannig:

Kaup starfsm. S. R offl.....	kr.	217.469.40
Efni.....	-	165.047.66
Flutningar, hrærivél, vélav.....	-	16.497.30
Akstur v/ starfsm.....	-	9.346.61
Járnateikn, sperruteikn.....	-	15.086.00
Vinna v/ miðst.lögn.....	-	16.350.80
" - raflögn.....	-	12.038.40
" verkst. Valdemars Jóhannss.	-	15.350.00
Oliúkynding.....	-	8.005.00
Fræðiskostnaður og matreiðsla.....	-	15.730.70
Reikn. Slippstöðvarinnar.....	-	<u>375.107.56</u>
Ymislegt.....	-	<u>1.298.18</u>
		<u>Kr. 868.227.61</u>

þar sem endanlegt uppgjör við Slippstöðina h/f er ekki lokið, vegna ágreinings um álagningu á vinnulaun, lét ég biðja að sundurliða þann reikning.

Vátrygging hússins var kr. 1.484.000.00. Grunnur og önnur verðmæti voru metin 2% af þeirri upphæð, eftir brunann, kr. 29.680.00. Eftir verða þá kr. 1.454.320 til framkvæmda.

Samkvæmt mjög lauslegri áætlun virðist mér að þurfa muni kr. 150- 200 þúsund til viðbóta til þess að ljúka húsinu. Ég hafði gert mér vonir um að tryggingarféð mundi endast og vart þarf að taka fram að að því hefur verið og er stefn frá minni hálfu.

2. Viðhald fasteigna.

Í Brúarkundi var unnið nokkuð að viðhaldi og þá aðallega á snyrtingum vegna samkomuhalds.

Í starfsmannabústað var gólf málað, flísar setta á eldhúsgólf, bættar raflegnir, fjölgað rafofnum og tvöfaldað gler í gluggum. Í setustofu var settur norskur arinn á árinu. Húsið var olíuborið utan. Var ekki hjá þessum framkvæmdum komist, þar sem starfsmannabústaðurinn var nú notaður til búsetu allt árið, en um það má deila hvort kostnaðinn ætti ekki frekar að fara á nýbyggingar, þar sem hér var verið að framkvæma verk s. eftir var að vinna.

Á Þórðarstöðum var skipt um Agaeldavél, sem var ónýtt og sett þar upp Sóló-eldavél, sem jafnframt hitar upp húsið, og er hún olíukynnt.

Skógarvarðarbústaðinn var nýlega búið að olíubera utan, ganga frá buri í kjallara og mála gang og og tvö herbergi í kjallara, þegar húsið brann.

Að lokum skal þess getið að raf-öryggisrofar voru settir upp í hús S. r. hér á staðnum.

Því miður láðist mér enn að sundurliða kostnað við viðhald fasteigna og er það ótækt.

Hinsvegar varð viðhaldskostnaður meiri en góðu hófi gegnir, eða um 125 þúsund krónur og er það miklu hærri upphæð en áætlað var til þeirra hluta.

IX. Vélar og verkferi.

Dráttarvélin var notað líkt og áður og við sömustörf, þ. e. gróðrarstöðina, sögun viðar og akstur viðar, auk þess talsvert vegna byggingarinnar.

Benzíndráttarvélin var nú send suður í Skorradal, í júní, en fengin í hennar stað uppgerð dieselvél af Ferguson gerð frá Englandi, árgerð 1959.

Kostnaður við rekstur dráttarvélar varð kr. 9.435.86 benzín og olíur, kr. 1334.00 skattar og tryggingar, kr. 20.613.03, viðgerðir og varahlutir, þar af flutningsk. og söluskattur nýrrar véla o. fl. kr. 9.233.60, alls kr. 31.382.89.

Bifreiðin var notuð við plöntu og viðarflutninga og varð reksturskotnaður bifreiðarinnar: Benzín og olíur kr. 9.110.31, skattar og tryggingar kr. 2.323,00 og viðgerðir og varahlutir kr. 13.558.36, alls kr. 24.991.67.

Af nýjum tækjum fengnum á árinu má nefna, Jo-bo keðju-sög, hið mesta þarfa þing. Var kaupverð hennar kr. 12.826.00. Ennfremur staurayddara, en verð hans hefi ég ekki fengið uppgengið. Við þetta tæki var keyptur rafmótor og var kaupverð hans kr. 6.396.00. Ennfremur var keypt rafurmagns handsög, kaupverð kr. 6.796.00

Þörf væri á að kaupa hefi, plóg, viðarklayf og sleða við dráttarvél.

X. Ý m i s l e g t.

Ferðafólk var margt eins og undanfarin ár og var umgengni samilega góð.

Enn var bett við ruslatunnum og stækkuð bifreiðastaði og var það til mikilla bóta.

Áður hefur verið getið um nauðsyn þess að koma upp vatnssalernum í skóginum og verður ekki komist hjá því að ráða bót á því strax í sumar, ef þess er nokkur kostur.

Lönnemasamband Íslands fékk leyfi til þess að halda hér landsmót í sumar, dagana 8.- 10. júlí. Skilyrði fyrir því leyfi frá hendi sýslumanns að áfengi yrði þar ekki um hönd haft. Sömu skilmálar voru settir frá minni hálfu.

Stax á föstudagskvöld var ástandið orðið óþolandi og varð ég að útvega fleiri lögregluþjóna frá Akureyri, til aðstoðar þeim fjórum sem fyrir voru. Þess skal og getið að vegalögreglan, sem átti hér leið um aðstoðaði okkur drengilega. Voru hér á tímabili 10 löggæzlumenn við störf.

Daginn eftir fékk ég leyfi sýslumanns til þess að banna alla meðferð áfengis í skóginum og var það tilkynnt í útvarpi og banninu stranglega framfylgt. Var vín tekið hvar sem til þess náðist og leitað í bílum sem komu í skógin. Voru teknar um 100 flöskur áfengis frá hádegi á laugardag fram á sunnudagskvöld.

Öll skipulagning mótsins var mjög í molum og þó að skilt sé að geta þess að ymsar deildir sambandsins stæðu sig með þryði og þá sérstaklega Akureyringar, þá var samt ekki nóg til þess að bjarga heiðri sambandsins. Var ekki komist hjá því að stórhækka leigu þá sem félaginu hafði í upphafi verið ætlað að greiða og í framtíðinni mun þess vandlega gætt að hleypa hér félögum inn, nema tryggt sé að slíkt endurtaki sig ekki.

Skógræktarfélag S.-Þingeyinga hélt dansleik í Brúarlundi í júlí, sem tókst með ágætum.

Um verzlunarmannahlegina héldu ýmiss félagasamtök bindindismót hér í skóginum. Tókst það vel og var þeim til söma sem að því stóðu. Áætlað er að a. m. k. 4 þúsund manns kæmi báðá mótis dagana.

Í Ásbyrgi voru engin samkomuhöld að þessu sinni.

Á Hálsnelum var haldið áfram að sá og planta út lúpínu. Þrífst lúpínan samilega þar, nema á hávöðunum, þar ber talsvert á því að hún rötarslitni og drepist. Haldið var áfram að bera á tilbúinn áburð neðan vegar.

Í ágúst var haldinn aðalfundur Skógræktarfélags S.-Þingeyinga hér í starfsmannabústaðnum.

Margir fundarmenn á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands komu hér við á heimleið 21. ágúst.

Eins og áður sá ég um framkvæmdir fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga í Fossselsskógi og ferðaðist um vegna eftirlits með gróðursetningu og grisjun í Fellsskógi, Þórðarstaðaskógi, Sigríðarstaðaskógi og Ásbyrgi.

Margar ferðir hefi ég farið vegna viðskipta og þá sérstaklega vegna endurbyggingar skógarbústaðarins.

Ekki tókst að halda fjárhagsætlunina 1966. Telst mér svo til að farið hafi verið fram úr um allt að 90 þúsund krónur.

Eins og áður er getið brann skógarverðarbústaðurinn að morgni 22. maí s. l. Það varð okkur til lífs að dóttir okkar, Sigríður, vaknaði um kl. 4³⁰. Var þá húsið allt fullt af reykt og varð ekki haldist við inni til þess að hringja eftir hjálp.

Sendi ég því danskan starfsmann, Orla Forson, ák bifreið minni í Skóga og komu menn af næstu þaum von bráðar.

Þá var búið að koma börnunum út og konan mín var búin að bjarga út úr svefnherbergi okkar hjónanna því sem hægt var.

Ég komst þá ferðir í setustofu og gat bjargað þaðan smávægis, en úr skrifstofu tókst mér, með hjálp nágrannanna, að bjarga öllum skjölum og reikningum stofnunarinnar, ásamt skrifstofuvélum, sem þar voru.

Úr kjallara var litlu bjargað af okkar eigum, nema frystikistu og þvottavél. Þar var einnig geymt nokkuð af skjölum og áhöldum stofnunarinnar, þó mest smávægilegt.

Að hálfri annari stundu liðinni var allt brunnið ~~gætt~~ og til marks um það hve litlu mátti muna var það að þegar nágrannarnir komu, þeir fyrstu eftir ca. 10. mínútur, var farið að loga upp úr þakinu.

Víst er fjárhagslegt tjón okkar talsvert, þrátt fyrir tryggingu. Hitt var mest um vert að allir komust lífs af og ómeiddir. Aldrei munum við heldur gleyma þeim fjölmörgu vinum okkar sem á margan hátt hjálpuðu okkur og styrktu í erfiðleikum okkar. Ég elska og orsakar ekki vitað með vissu, en öll rök hníga að því að alls ekki geti hafa kviknað út frá öðru en rafurmagi og líklegast yfir lofti í eldhúsi.

Nokkur tími leið áður en skógræktarstjóri tók ákvörðun um að byggja hér upp aftur.

Kom í því sambandi helzt til greina að flytja starfsemina að nokkru leiti til Akureyrar og þá einkum gróðrarstöðina.

Víst hefur það sína kosti og galla og hefi ég nokkuð dregið á það hér að framan, en vitanlega þarfnast slíkt vandlegar athugunar við.

Vöglum 20. janúar 1967.

Jón Þorgerður Gunnarsdóttir